

Fjallabyggð



Sumarstörf 2014

Náttúrugripasafn Ólafsfjarðar auglýsir eftir starfsmanni í 45% starf frá 1. júní - 31. ágúst. Starfið fellst í móttöku gesta, leiðsögn, eftirliti og þrifum á safninu.

Leitað er að einstaklingi 20 ára og eldri sem hefur;

- ríka þjónustulund,
- góða tungumálakunnáttu (enska og eitt Norðurlandamál skilyrði),
- góða skipulagshæfileika, geta unnið sjálfstætt og haft frumkvæði,
- góða hæfni í mannlegum samskiptum
- mikla ábyrgðartilfinningu

Laun samkvæmt kjarasamningi Fjallabyggðar við viðkomandi stéttarfélag.

Allar nánari upplýsingar veitir Kristinn J. Reimarsson markaðs- og menningarfulltrúi í síma 464 9100.

Netfang: kristinn@fjallabyggd.is Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á bæjarskrifstofum Fjallabyggðar eða á heimasíðu sveitarfélagsins, www.fjallabyggd.is/thjonusta/eydublod

Vinnuskóli Fjallabyggðar auglýsir eftir átta flokksstjórum til að starfa við skólann. Starfstímabil er frá 2. júní til 8. ágúst. Leitað er að einstaklingum 20 ára og eldri sem hafa;

- ríka þjónustulund,
- góða skipulagshæfileika, geta unnið sjálfstætt og tekið frumkvæði,
- góða hæfni í mannlegum samskiptum,
- mikla ábyrgðartilfinningu og síðast en ekki en síst ánægju að því að vinna með og leiðbeina unglíngum.

Flokksstjórar stjórna daglegu starfi vinnuflokka skólans og stuðla að reglusemi, ástundun og góðri umgengni starfsmanna. Flokksstjórar vinna með unglíngunum og sýna þeim hvernig staðið skuli að verki og leiðbeina um notkun á áhöldum og tækjum.

Gerð er krafa um að umsækjendur hafi hreint sakavottorð. Samkvæmt 10.grein æskulýðslaga nr. 70/2007 um starfsskilyrði í æskulýðsstarfi er óheimilt er að ráða til starfa hjá aðilum, sem 2. gr. tekur til og sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í æskulýðsstarfi, einstaklinga sem hlotið hafa refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra [hegningarlaga, nr. 19/1940](#). Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum.

Laun samkvæmt kjarasamningi Fjallabyggðar við viðkomandi stéttarfélag.

Allar nánari upplýsingar veitir Haukur Sigurðsson íþróttá- og æskulýðsfulltrúi í síma 863 1466.

Netfang: haukur@fjallabyggd.is

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á bæjarskrifstofum Fjallabyggðar eða á heimasíðu sveitarfélagsins, www.fjallabyggd.is/thjonusta/eydublod

Sláttugengi. Þjónustumiðstöð Fjallabyggðar auglýsir eftir starfsmönnum til að sinna slætti og umhirðu á opnum svæðum. Starfstímabil er frá 1. júní til 31. ágúst. Umsækjendur þurfa að vera 16 ára (f. 1998) og eldri. Gerð er krafa um stundvísi, reglusemi og snyrtimennsku.

Laun samkvæmt kjarasamningi Fjallabyggðar við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ármann Viðar Sigurðsson deildarstjóri tæknideildar í síma 464 9100. Netfang: armann@fjallabyggd.is

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á bæjarskrifstofum Fjallabyggðar eða á heimasíðu sveitarfélagsins, www.fjallabyggd.is/thjonusta/eydublod

Starfsmaður í skógrækt. Auglýst er eftir starfsmanni til að sinna viðhaldsverkefnum í Skógrækt Siglufjarðar. Helstu verkefni: Grisjun trjáa, gerð göngustíga, viðhald girðinga og annað almennt viðhald innan skógræktar. Starfstímabil er frá 1. júní - 31. ágúst. Leitað er eftir einstaklingi sem er 25 ára eða eldri, skipulagður og sjálfstæður í starfi. Reynsla af skógræktarvinnu æskileg.

Laun samkvæmt kjarasamningi Fjallabyggðar við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ármann Viðar Sigurðsson deildarstjóri tæknideildar í síma 464 9100. Netfang: armann@fjallabyggd.is

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á bæjarskrifstofum Fjallabyggðar eða á heimasíðu sveitarfélagsins, www.fjallabyggd.is/thjonusta/eydublod

Þjónustumiðstöð Fjallabyggðar auglýsir eftir starfsmönnum, 18 ára og eldri, í almenna verkamannavinnu. Helstu verkefni; málun gangbrauta og annarra merkinga, hreinsun leiksvæða. Gerð er krafa um stundvísi, reglusemi og snyrtimennsku. Umsækjendur þurfa að hafa bílpróf. Starfstímabil er frá 1. júní - 31. ágúst.

Laun samkvæmt kjarasamningi Fjallabyggðar við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Birgir Ingimarsson bæjarverkstjóri í síma 893 1467. Netfang: ah@fjallabyggd.is

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á bæjarskrifstofum Fjallabyggðar eða á heimasíðu sveitarfélagsins, www.fjallabyggd.is/thjonusta/eydublod

Vélamaður: Auglýst er eftir vélamanni til að vinna við garðslátt og umhirðu á opnum svæðum. Umsækjendur þurfa að vera 20 ára og eldri og hafa dráttarvélaréttindi. Gerð er krafa um stundvísi, reglusemi og snyrtimennsku.

Starfstímabil er frá 1. júní - 31. ágúst.

Laun samkvæmt kjarasamningi Fjallabyggðar við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ármann Viðar Sigurðsson deildarstjóri tæknideildar í síma 464 9100. Netfang: armann@fjallabyggd.is

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á bæjarskrifstofum Fjallabyggðar eða á heimasíðu sveitarfélagsins, www.fjallabyggd.is/thjonusta/eydublod

Yfirmaður umhverfisverkefna. Auglýst er eftir yfirmanni umhverfisverkefna. Hann skipuleggur og stýrir öllum umhverfisverkefnum í Fjallabyggð. Hefur umsjón með sláttugengi Fjallabyggðar. Starfstímabil er frá 15. maí - 15. september. Leitað er eftir einstaklingi sem er 25 ára eða eldri, skipulagður og sjálfstæður í starfi. Reynsla af garðyrkju og öðrum verkefnum á opnum svæðum æskileg.

Laun samkvæmt kjarasamningi Fjallabyggðar við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ármann Viðar Sigurðsson deildarstjóri tæknideildar í síma 464 9100. Netfang: armann@fjallabyggd.is

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á bæjarskrifstofum Fjallabyggðar eða á heimasíðu sveitarfélagsins, www.fjallabyggd.is/thjonusta/eydublod

Íþróttamiðstöð Fjallabyggðar vantar þrjá starfsmenn á Siglufirði (100% / 90% / 80%) og tvo starfsmenn í Ólafsfirði (100% / 90%). Starfstímabil er frá 1. júní - 20. ágúst. Leitað er að einstaklingum 20 ára og eldri sem hafa:

- þekkingu á skyndihjálpi og standast kröfur sem gerðar eru til sundvarða sem felast í því að taka sundpróf samkvæmt reglugerð um öryggi á sundstöðum.
- hafa góða færni í mannlegum samskiptum
- góða skipulagshæfileika, geta unnið sjálfstætt og haft frumkvæði.

Gerð er krafa um að umsækjendur hafi hreint sakavottorð. Samkvæmt 10. grein æskulýðslaga nr. 70/2007 um starfsskilyrði í æskulýðsstarfi er óheimilt er að ráða til starfa hjá aðilum, sem 2. gr. tekur til og sinna börnum og ungmönnum undir 18 ára aldri í æskulýðsstarfi, einstaklinga sem hlotið hafa refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra [hegningarlaga, nr. 19/1940](#). Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum.

Laun samkvæmt kjarasamningi Fjallabyggðar við viðkomandi stéttarfélag.

Allar nánari upplýsingar veitir Haukur Sigurðsson íþrótt- og æskulýðsfulltrúi í síma 863 1466.

Netfang: haukur@fjallabyggd.is

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á bæjarskrifstofum Fjallabyggðar eða á heimasíðu sveitarfélagsins, www.fjallabyggd.is/thjonusta/eydublod

Bókasafn og upplýsingamiðstöð á Siglufirði auglýsir eftir starfsmanni í 50% starf frá 1. júní - 31. ágúst. Leitað er að einstaklingum, helst 18 ára og eldri, sem hafa;

- ríka þjónustulund
- góða tungumálakunnáttu (enska og eitt Norðurlandamál skilyrði),
- góða skipulagshæfileika, geta unnið sjálfstætt og haft frumkvæði,
- góða hæfni í mannlegum samskiptum
- gott viðmót og ástríðu fyrir því að veita ferðamönnum upplýsingar og gera dvöl þeirra í Fjallabyggð sem ánægjulegasta
- mikla ábyrgðartilfinningu og síðast en ekki síst góða þekkingu á staðhátum í Fjallabyggð

Starfsmaður sinnir einnig störfum bókavarðar og öðrum tilfallandi verkefnum.

Upplýsingamiðstöðin er opin alla daga vikunnar á umræddu tímabili.

Laun samkvæmt kjarasamningi Fjallabyggðar við viðkomandi stéttarfélag.

Allar nánari upplýsingar veitir Hrönn Hafþórsdóttir forstöðumaður í síma 464 9120. Netfang:

hronn@fjallabyggd.is

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á bæjarskrifstofum Fjallabyggðar eða á heimasíðu sveitarfélagsins, www.fjallabyggd.is/thjonusta/eydublod

Ræstitæknir - Tjarnarborg. Auglýst er eftir áhugasömum og hæfum einstaklingi til að sjá um ræstingar í Menningarhúsinu Tjarnarborg á tímabilinu 25. júní - 1. september. Um er að ræða 50% starf. Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg. Laun samkvæmt kjarasamningi Fjallabyggðar við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar veitir Anna María Guðlaugsdóttir, forstöðumaður, í síma 853 8020. Netfang: anna@fjallabyggd.is

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á bæjarskrifstofum Fjallabyggðar eða á heimasíðu sveitarfélagsins, www.fjallabyggd.is/thjonusta/eydublod

**Umsóknarfrestur allra starfa
er til og með 1. apríl 2014.**